

Ed.

636. Breytingartillaga

[184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 8. gr.

- a. 1. töluliður orðist svo: 1% — einn af hundraði — af heildarvertíðarafla bátaflotans, sem útgerðin greiðir án þess að rýra hlut eða hundraðshluta af afla fiskimanna.
- b. Aftan við greinina bætist: Nú hrekkur ekki úthlutað fé til greiðslu á hlut eða hundraðshluta af afla eða kauptryggingu, og útgerðarmann brestur getu til að greiða fiskimönnum að fullu hlut þeirra eða kaup, og eiga þeir þá sjóveðsrétt samkvæmt ákvæðum siglingalaga fyrir þeim fjárhæðum, sem vangreiddar eru.